



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b/t skrifstofu stjórnunar og umbóta
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar um drög að frumvarpi um skipan upplýsingatækni í rekstri ríkisins, mál nr. S-142/2024

Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar fagnar því að áform séu uppi um að draga úr of mikilli dreifstýringu í upplýsingatæknirekstri ríkisins. Á grundvelli reynslu Reykjavíkurborgar þar sem slíkt fyrirkomulag hefur verið við lýði lengi er talið líklegt að slík breyting leiði bæði til aukins hagræðis í rekstri og skilvirkari þjónustu hjá opinberum aðilum. Það er einnig jákvætt að fyrirhugað sé að skýra og styrkja rekstrarumhverfi upplýsingatæknirekstrar hins opinbera.

Hins vegar bendir þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar á að sveitarfélög eru einnig mikilvægur hluti af opinberri þjónustuveitingu og því sé mikilvægt að koma á virkara samráði áður en ýmsar tæknilegar útfærslur eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir eru teknar sem hafa áhrif á þjónustuveitingu eða tæknirekstur opinberra aðila óháð stjórnsýslustigi. Nauðsynlegt er að þar endurspeglist sjónarmið beggja stjórnsýslustiga.

Í texta frumvarpsins er vísað til „hins opinbera“, „opinberra aðila“ og „opinberrar þjónustu“ (t.d. í 1. gr. frumvarpsins og kafla 2 í greinargerð með frumvarpinu), en oft virðist eingöngu átt við ríkið. Þetta er talið óskýrt og villandi og þörf er á annað hvort að útvíkka merkinguna þannig að hún nái til sveitarfélaga og stofnana þeirra eða skýra enn frekar hvaða aðila er átt við. Það er jafnframt mikilvægt að gefa gaum að þeirri grunnþjónustu sem sveitarfélögin veita og tengslum hennar við ríkið og stofnanir þess.

Þegar fjallað er um mál eins og öruggt gagnaskiptakerfi, er lagt til að einnig sé gert ráð fyrir þátttöku og ábyrgð sveitarfélaga. Jafnframt ætti að tryggja að upplýsingar sem sveitarfélög hafa þegar undir höndum séu teknar með þegar lögð er áhersla á að almenningur þurfi ekki að leita upplýsinga sem eru til staðar innan opinbera kerfisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

4. gr.: Um er að ræða mjög mikilvægt ákvæði til að auka skilvirkni í þjónustuveitingu. Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar leggur til að í ákvæðinu verði einnig tekið tillit til sveitarfélaga, þar sem umfangsmikil gagnasamskipti eru nauðsynleg milli stjórnsýslustiga vegna þjónustu við íbúa, til dæmis í tengslum við mál sem snúa að framkvæmd farsældarlaganna.

5. gr.: Í ljósi þess að samræmd hagnýting gagnainnviða og annarra þátta verður sífellt mikilvægari í framtíðinni, telur þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar eðlilegt að ákvæðið verði útvíkkað þannig að það nái til allra opinberra aðila.



6. gr.: Mikilvægt er að hafa í huga að reglugerðir af þessu tagi geta haft áhrif á sveitarstjórnarstigið. Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar telur því nauðsynlegt að tryggt verði virkt samráð og samstarf við sveitarfélögin.

Athugasemdir við samráð og aðkomu sveitarfélaga

Í 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu er fjallað um það samráð sem haft var við gerð þess. Það vekur athygli að ekki hafi verið efnt til fundar eða unnið með sveitarfélögum, þar á meðal Reykjavíkurborg, þrátt fyrir að fram hafi komið athugasemdir um að 4. gr. frumvarpsins ætti einnig að ná til sveitarfélaga. Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar telur að þessi nálgun sé í andstöðu við hugmyndafræðina að baki Ísland.is, þar sem stefnt er að því að öll opinber þjónusta verði aðgengileg á einum stað. Til að ná þessu markmiði innan viðunandi tímaramma er nauðsynlegt að huga að þjónustu sveitarfélaga og samspili upplýsingatækniinnviða sveitarfélaga við innviði ríkisins. Þetta er einnig brýnt út frá markmiðum frumvarpsins um rekstrarhagræði.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að „samrekstur á upplýsingatækni í sameiginlegum innviðum er hagkvæmari en rekstur á upplýsingatækni í dreifstýrðu fyrirkomulagi“. Þetta er rétt en þessi nálgun er ekki síður mikilvæg þegar litið er til málsins í stærra samhengi, þar sem öll starfsemi hins opinbera, sem fjármögnuð er af sameiginlegum sjóðum landsmanna, er skoðuð. Einnig segir í greinargerð að „miðlæg þróun og rekstur á ýmiss konar þjónustu sem kemur nær öllum ríkisaðilum og sveitarfélögum til góða er augljóslega hagkvæmara fyrirkomulag en ef hver og einn ríkisaðili þróar sömu lausnir sértækt og á eigin vegum“. Þetta styður mikilvægi þess að huga að samspili og samstarfi á milli ríkis og sveitarfélaga.

Lokaorð

Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að skýrar sé kveðið á um aukið samstarf stjórnsýslustiganna í stafrænni þróun og aðkomu sveitarfélaga við mótun og framkvæmd stefnu sem varðar upplýsingatækni hins opinbera. Mikilvægt er að tryggja sveitarfélögum rödd í þessum málum svo að heildstæð og skilvirk þjónusta sé veitt í þágu alls samfélagsins.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri